

101. stjórnarfundar Austurbrúar haldinn þriðjudaginn 29. maí 2019

Fundargerð

Fundurinn haldinn hjá Austurbrú á Reyðarfirði og hófst kl. 15:00.

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar: Einar Már Sigurðarson (EMS), Gunnar Jónsson (GJ), Hildur Þórisdóttir (HP), Þorbjörg Sandhold (ÞS), Eydís Ásbjörnsdóttir (EÁ), Sigríður Bragadóttir (SB), Stefán Bogi Sveinsson (SBS), Sæunn Stefánsdóttir (SS) – í Skype.

Boðaður en tilkynnti forföll: Þráinn Lárusson (ÞL).

Mættur gestur undir 3. lið: Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Air Iceland Connect.

Mættur starfsmaður: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerðir 99. og 100. fundar stjórnar til samþykktar.
2. Fundaáætlun stjórnar Austurbrúar út árið 2019.
3. Flugmál.
 - Gestur fundarsins er Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri AirIceland Connect.
4. Breytingar tengdar starfsaðstöðu Austurbrúar í Neskaupstað.
5. Ýmis mál tengd rekstri.
 - Staða mönnunar og innleiðingu starfsmats.
 - Staða gæðavottunar vegna fræðsluverkefna.
 - Kynning á drögum á reiknireglu vegna símenntunar við MMR.
 - Staða samninga vegna 2019.
6. Önnur mál.

Formaður, Einar Már Sigurðarson, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundargerðir

Fundargerðir 99. og 100. fundar stjórnar undirritaðar. Einnig undirrituð gögn til að klára skráningar á ákvörðunum aðalfunda hjá fyrirtækjaskrá.

2. Fundaáætlun

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að fundaáætlun. Stjórn samþykkir drög að fundaáætlun með þeim breytingum er fram komu á fundinum. Framkvæmdastjóra er falið að senda endanlega fundaáætlun til allra stjórnarmanna.

3. Flugmál

Formaður bauð Árna Gunnarsson, framkvæmdastjóra Air Iceland Connect, velkominn á fundinn. Markmiðið með fundinum er að fá kynningu á áherslum og starfi Air Iceland Connect og þróun þjónustunnar við Austurland.

Árni fór yfir kynningu á helstu atriðum sem óskað hafði verið eftir fyrir fundinn, þ.e. framboð og sætanýtnu, fargjaldauppbyggingu og verðþróun, flugvélakostinn og áhrif hans á framangreint m.t.t. sveigjanleika kerfisins, tengingu Keflavík – Egilsstaðir – Keflavík, sem og markaðssetningu og kynningarmál. Kynnti Árni tölur sem sýna fækkun farþega í flugi til og frá Egilsstöðum sem hann tengdi neikvæðum hagvexti á svæðinu. Þá staðfesti hann að til standi að fækka flugferðum á milli Reykavíkur og Egilsstaða þegar vetraráætlunin fari af stað í haust með því að fækka vélum tvo virka daga úr þremur í tvær og fella þá út miðdegisflugið.

Stjórn Austurbrúar leggur áherslu á mikilvægi innanlandsflugs fyrir íbúa svæðisins. Undanfarin ár hefur Austurbrú með stuðningi SSA unnið markvisst að því að taka upp umræðuna um mikilvægi innanlandsflugs fyrir landshlutann. Ljóst er að innanlandsflug er eina háhraðatengingin sem landshlutinn hefur við höfuðborgarsvæðið og mikilvægt er að standa vörð um þjónustustigið en upplifunin á svæðinu er sú að það hafi minnkað töluvert undanfarna mánuði. Stjórn harmar boðaða skerðingu á flugi til Austurlands í haust og hvetur Air Iceland Connect til að skoða hvort aðrar leiðir eru færar í stöðunni. Einnig hvetur stjórn Austurbrúar Air Iceland Connect til að vera í góðu sambandi við hagaðila á svæðinu og leggur áherslu á vilja til samráðs um með hvaða hætti sé hægt að standa vörð um þjónustustigið.

Stjórn þakkaði Árna Gunnarssyni kærlega fyrir komuna austur á fundinn.

4. Breytingar tengdar starfsaðstöðu Austurbrúar í Neskaupstað.

Framkvæmdastjóri fór yfir hugmyndir um að Austurbrú flytji starfsaðstöðu sína í Neskaupstað úr Kreml yfir í klasann sem verið er að vinna að af hálfu SÚN í byggðarlaginu. Á þessu stigi máls er þetta lagt fram til kynningar fyrir stjórn og verður kynnt betur þegar frekari upplýsingar liggja fyrir.

5. Ýmis mál tengd rekstri.

- *Staða mönnunar og innleiðingu starfsmats.*
Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála varðandi ráðningar sem eru í vinnslu. Gleðilegt er hversu mikill áhugi er á að starfa hjá stofnuninni sem birtist í fjölda og gæða umsókna. Enn er unnið að útfærslu á innleiðingu starfsmats hjá stofnuninni. Þegar niðurstaða liggur fyrir verður hún kynnt starfsmönnum og mun leiðrétting fara fram í framhaldinu.
- *Staða gæðavottunar vegna fræðsluverkefna*
Framkvæmdastjóri fór yfir að Austurbrú hafi farið í gegnum gæðaúttekt og uppfylli nú viðmið EQM+ um gæði í hönnun, þróun og umsýslu náms í fullorðinsfræðslu, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati. Úttektin gekk mjög vel og liggur viðurkenningarskjalið fyrir af hálfu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Stofnuð var gæðanefnd innanhúss til að vinna að undirbúningi úttektarinnar, sem og eftirfylgni og þróun gæðakerfisins í framhaldinu. Í gæðanefndinni sitja nú Guðrún Jónsdóttir, Sigrún Víglundsdóttir, Anna Alexandersdóttir og Jódís Skúladóttir.
- *Kynning á drögum á reiknireglu vegna símenntunar við MMR.*
Framkvæmdastjóri kynnti drög að reiknireglu vegna símenntunar sem unnið hefur verið að af hálfu MMR. Ekki liggur fyrir útreikningur byggður á þessum viðmiðum en framkvæmdastjóri hefur sent inn spurningar og ábendingar til ráðuneytisins sem vonir standa til að verði svarað fljótlega.

Stjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að fjármögnun Austurbrúar sé í takt við verkefni og sérstöðu svæðisins. Einnig er mikilvægt að sá árangur sem náðst hefur í að fá hlut Austurlands leiðréttan í samningum við MMR og tekur til fleiri þátta en símenntunar, gangi ekki til baka.

- *Staða samninga vegna 2019.*
Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu samninga sem voru ófrágengnir þegar unnið var að fjárhagsáætlun fyrir árið 2019. Samningar eru flestir að verða frágengnir fyrir þetta ár en enn standa örfáir út af sem verið er að vinna í.

6. Önnur mál.

- *Framkvæmdaráð Austurbrúar.*
Stjórn samþykkir að framkvæmdaráð Austurbrúar sé það sama og framkvæmdaráð SSA. Í framkvæmdaráði Austurbrúar sitja Einar Már Sigurðarson formaður, Gunnar Jónsson og Hildur Þórisdóttir. Ef þannig ber undir, hvað varðar viðfangsefni á fundum framkvæmdaráðs, getur framkvæmdaráðið kallað inn fulltrúa annarra hagsmunaaðila í stjórn sem áheyrnarfulltrúa. Verkefni framkvæmdaráðs er að vinna í þeim málum sem stjórn Austurbrúar felur því á milli stjórnarfunda. Fullnaðarafgreiðsla mála á sér stað á stjórnarfundum Austurbrúar.

Næsti fundur stjórnar verður þann 9. júlí og verður um símafund að ræða. Fundi slitið kl. 17:00.

Einar Már Sigurðarson

Gunnar Jónsson

Hildur Þórisdóttir

Eydís Ásbjörnsdóttir

Þorbjörg Sandhold

Sigrún Bragadóttir

Stefán Bogi Sveinsson

Sæunn Stefánsdóttir